

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 11. desember 1992

um fyrirmyndir að flutningsskýrslunum sem um getur í 14. gr. tilskipunar ráðsins
91/67/EBE

(93/22/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar
1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif
á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽¹⁾, einkum
14. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Tiltekin fiskeldisdýr geta borið með sér smitefni sjúkdóms
án þess að þau sjálf séu smitnæm fyrir viðkomandi sjúk-
dómi.Kveða verður á um ákveðnar heilbrigðisábyrgðir þegar dýr-
in, hrogn þeirra og svil eru flutt inn á svæði eða eldisstöðvar
sem eru ósýktar af þessum sjúkdómi.Heilbrigðisábyrgðirnar verður að skrá í flutningsskýrslu
sem er undirrituð af opinberri þjónustustofnun til staðfest-
ingar á að dýrin séu í samræmi við ábyrgðirnar sem mælt
er fyrir um í tilskipun 91/67/EBE.Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í
samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*Flutningsskýrslan sem um getur í a-lið 1. mgr. 14. gr. og sú
sem um getur í b-lið 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 91/67/EBE
verða að samsvara fyrirmyndinni í I. viðauka.*2. gr.*Flutningsskýrslan sem um getur í a-lið 2. mgr. 14. gr. og
sú sem um getur í b-lið 2. mgr. 14. gr. tilskipunar ráðsins
91/67/EBE verða að samsvara fyrirmyndinni í II. viðauka.*3. gr.*Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-
sýslufyrirmæli til að fara að ákvörðun þessari fyrir 1. janúar
1993.*4. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. desember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 46, 19. 2. 1991, bls. 1.

I. VIÐAUKI

FYRIRMYND

**FLUTNINGSSKÝRSLA FYRIR LIFANDI ELDISFISK, LINDÝR OG KRABBADÝR FRÁ
ELDISSTÖÐ OG HROGN ÞEIRRA OG SVIL SEM UM GETUR Í 1. MGR. 14. GR. TILSKIPUNAR
91/67/EBE.**

Þetta skjal⁽¹⁾ verður að fylgja vörusendingunni til:

- viðurkennds svæðis⁽²⁾,
- viðurkenndrar eldisstöðvar⁽²⁾.

I. Uppruni vörusendingarinnar

Upprunaaðildarríki:

Upprunaeldisstöð:

Heiti:

Heimilisfang

II. Lýsing á vörusendingunni

	Lifandi dýr	Hrogn	Svil
<i>Tegund</i>			
Almennt heiti			
Vísindaheiti			
<i>Magn</i>			
Fjöldi			
Heildarþyngd			
Meðalþyngd			

III. Viðtökustaður vörusendingarinnar

Viðtökuaðildarríki:

Viðtakandi:

Heiti:

Heimilisfang:

Viðtökustaður:

IV. Flutningataeki

Tegund:

Auðkenni:

V. Heilbrigðisvottun

Ég, undirritaður, staðfesti hér með að dýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá⁽²⁾:

- a) eftirfarandi svæði:⁽³⁾,
viðurkennt vegna eftirfarandi sjúkdóms/sjúkdóma:
í samræmi við ákvörðun:⁽⁴⁾;
- b) eftirfarandi eldisstöð:⁽⁵⁾,
viðurkennt vegna eftirfarandi sjúkdóms/sjúkdóma:
í samræmi við ákvörðun:⁽⁴⁾;
- c) eftirfarandi eldisstöð⁽⁵⁾,
sem er á ósamþykktu svæði þar sem ekki er að finna fisk, lindýr eða krabbadýr⁽²⁾ af smitnæmum tegundum, sem um getur í 2. dálki skráa I og II í viðauka A við tilskipun 91/67/EBE og sem tengist ekki vatnsfalli, hafströnd eða ármynni.

Gjört í, hinn

Heiti opinberrar þjónustustofnunar:

.....
(Heiti með hástöfum)

.....
(Nafn og titill undirritunaraðila)

.....
(Undirskrift)

Stimpill opinberrar þjónustustofnunar

⁽¹⁾ Skjal þetta verður að semja að minnsta kosti á tungumáli eða tungumálum viðtökuaðildarríkisins.

⁽²⁾ Strikið yfir það sem ekki á við.

⁽³⁾ Lýsing á svæðinu.

⁽⁴⁾ Geta skal tilvísunar í þá ákvörðun bandalagsins sem var grundvöllur fyrir samþykkinu.

⁽⁵⁾ Heiti og heimilisfang eldisstöðvarinnar.

II. VIÐAUKI

FYRIRMYND

**FLUTNINGSSKÝRSLA FYRIR LIFANDI ELDISFISK, LINDÝR EÐA KRABBADÝR FRÁ
ELDISSTÖÐ OG HROGN ÞEIRRA OG SVIL SEM UM GETUR Í 2. MGR. 14. GR. TILSKIPUNAR
91/67/EBE.**

Þetta skjal⁽¹⁾ verður að fylgja vörusendingunni til:

- viðurkennds svæðis⁽²⁾,
- viðurkenndrar eldisstöðvar⁽²⁾.

I. Uppruni vörusendingar

Upprunaaðildarríki:

Upprunastaður:

II. Lýsing á vörusendingunni

	Lifandi dýr	Hrogn	Svil
<i>Tegund</i>			
Almennt heiti			
Vísindaheiti			
<i>Magn</i>			
Fjöldi			
Heildarþyngd			
Meðalþyngd			

III. Viðtökustaður vörusendingarinnar

Viðtökuaðildarríki:

Viðtakandi:

 Heiti:

 Heimilisfang:

Viðtökustaður:

IV. Flutningataeki

Tegund:

Auðkenni:

V. Heilbrigðisvottun

Ég, undirritaður, staðfesti hér með að dýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá eftirfarandi svæði:
.....⁽¹⁾,
viðurkennt vegna eftirfarandi sjúkdóms/sjúkdóma:
.....
í samræmi við ákvörðun:⁽⁴⁾.

Gjört í, hinn

Heiti opinberrar þjónustustofnunar:

.....
(Heiti með hástöfum)

.....
(Nafn og titill undirritunaraðila)

.....
(Undirskrift)

Stimpill opinberrar þjónustustofnunar

⁽¹⁾ Skjal þetta verður að minnsta kosti að semja á tungumáli eða tungumálum viðtökuáildarríkisins.

⁽²⁾ Strikið yfir það sem ekki á við.

⁽³⁾ Lýsing á svæðinu.

⁽⁴⁾ Geta skal tilvísunar í þá ákvörðun bandalagsins sem var grundvöllur fyrir samþykkinu.